

**Ed.** **1080. Nefndarálit** [514. mál]

um frv. til l. um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

**BREYTINGU:**

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað fyrir 1. janúar 1989 enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þessara laga.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk álit þessu.

Alþingi, 6. maí 1988.

Halldór Blöndal,  
form.

Eiður Guðnason,  
frsm.

Svavar Gestsson.

Jóhann Einvarðsson.

Valgerður Sverrisdóttir.